



Eintak án trúnaðar.

SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagurinn, 8. nóvember, 2019

Ákvörðun nr. 37/2019

## Kaup Orkla ASA á eignarhlut í Nóa Síriusi hf.

### I.

#### Málavextir og málsmeðferð

Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning vegna kaupa Orkla ASA (hér eftir Orkla) á 20% eignarhlut í Nóa Síriusi hf. 27. ágúst 2019. Í kaupunum felst að Orkla mun í kjölfar þeirra fara sameiginlega með yfirráð yfir Nóa Síriusi ásamt öðrum hluthöfum félagsins. Nánar er vikið að viðskiptunum og eðli þeirra hér á eftir. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur framangreindur gerningur í sér samruna sem er tilkynningarskyldur í skilningi 17. gr. a. laganna. Meðfylgjandi tilkynningunni var samrunaskrá í samræmi við 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005. Eftirlitið mat þá skrá ófullnægjandi í samræmi við ákvæði samkeppnislaga og reglur eftirlitsins nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum.

Samkeppniseftirlitið óskaði eftir nánari upplýsingum og skýringum frá samrunaaðilum um þau atriði sem fram komu í samrunaskránni. Nánari upplýsingar og skýringar bárust frá samrunaaðilum þann 11. og 27. september og 4. október 2019. Í kjölfarið var það mat Samkeppniseftirlitsins að samrunaskráin teldist fullnægjandi og var samrunaaðilum tilkynnt um það með bréfi, dags. 4. október 2019.

Við meðferð málsins aflaði Samkeppniseftirlitið ýmissa upplýsinga frá samrunaaðilum auk þess sem leitað var sjónarmiða helstu viðskiptavina og keppinauta samrunaaðila. Verður þessara upplýsinga getið eftir því sem við á í ákvörðuninni.

### II.

#### Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfirráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða að það nái yfirráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Samkeppniseftirlitið telur að í kaupum Orkla á 20% eignarhlut í Nóa Síriusi og öðrum gerningum tengdum viðskiptunum felist samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga. Mun Orkla því í kjölfar viðskiptanna fara með yfirráð yfir Nóa Síriusi í skilningi sömu lagagreinar.

#### 1. Samrunaaðilar

Samkvæmt samrunaskrá er Orkla birgji ýmissa vörumerkja fyrir matvöru, smásölu, matvælaframleiðslu, apótek, bakarí o.fl. Starfsemi Orkla á sviði neysluvara skiptist í fjögur viðskiptasvið: (i) Orkla Foods; (ii) Orkla Confectionery & Snacks; (iii) Orkla Care;



og (iv) Orkla Food Ingredients. Önnur starfsemi Orkla, sem ekki sé á sviði neysluvara, heyrir undir viðskiptasviðið Orkla Investments, sem samanstandi af fjárfestingum í Jotun AS (42,6% hlutur), auk fjárfestinga í vatnsorku og fjárhagslegum eignum.

Orkla er skráð í Kauphöllinni í Osló og höfuðstöðvar fyrirtækisins eru í Osló, Noregi. Þann 31. desember 2018 hafi starfsmenn Orkla verið 18.510 talsins. Starfsemi Orkla á Íslandi felist í sölu og dreifingu á ýmsum neysluvörum og framleiðsluvörum, aðallega bökunarvörum, til framleiðenda, heildsala og smásala, oft í gegnum íslenska milliliði.

Samkvæmt samrunaskrá er Núi-Síríus sælgætisframleiðandi á Íslandi. Fyrirtækið bjóði upp á fjölbreytt vöruúrval en súkkulaðiframleiðsla sé sérgrein þess. Þar að auki flytji Núi-Síríus inn og selji sælgæti, snakk og morgunkorn til smásölukeðja. Í heildina framleiði Núi-Síríus og/eða markaðssetji yfir 260 mismunandi vörur.

#### *Önnur fyrirtæki undir yferráðum Orkla*

Orkla á eignarhlut í danska félaginu Blume Food I/S sem á 100% eignarhlut í Visku hf. sem er eignarhaldsfélag utan um meirihluta hlutafjár í Gæðabakstri ehf. Gæðabakstur framleiðir og selur í heildsölu ferskt brauðmeti. Auk þess rekur félagið Kristjánsbakarí sem hefur með höndum rekstur bakaría á Akureyri auk framleiðslu og sölu á brauðmeti í heildsölu.

Orkla á jafnframt eignarhlut í Dragsbæk A/S, dönsku félagi sem á meirihluta hlutafjár í Kjarnavörum ehf. Kjarnavörur eru íslenskt framleiðslufyrirtæki stofnað árið 1989. Samkvæmt upplýsingum samrunaaðila framleiðir fyrirtækið um 260 vörutegundir í 60 vöruflokkum. Fyrirtækið framleiðir og selur í heildsölu m.a. smjörlíki, viðbit, steikingarfeiti, sultur, ávaxtagrauta og sósur.

Kjarnavörur fara aftur með yferráð yfir félögunum Innbaki hf. sem selur umbúðir, hráefni og vörur fyrir bakaraiðnaðinn, Nonna litla ehf. sem framleiðir og selur m.a. kaldar sósur og Ísbúð Vesturbæjar ehf. sem rekur ísbúðir á höfuðborgarsvæðinu.

## **2. Markaðir málsins**

Við mat á samruna samkvæmt samkeppnislögum verður að byrja á því að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiði til þess að líta verði á viðkomandi markaði frá tveimur sjónarhornum, annars vegar vöru- eða þjónustumarkaði og hins vegar landfræðilegum markaði. Í sumum tilvikum er nauðsynlegt að skilgreina markaðinn út frá fleiri víddum en vörunni sjálfri og hvar hún er seld.

Í samrunaskrá kemur fram að starfsemi samrunaaðila skarist aðallega á tveimur sviðum, þ.e. annars vegar í framleiðslu, dreifingu og heildsölu á snakki og hins vegar í framleiðslu, dreifingu og heildsölu á sælgæti. Vörusafn Orkla undir viðskiptasviðinu Orkla Confectionery & Snacks á Íslandi samanstandi til að mynda af vörumerkjum á borð við Kims, Göteborgs kex, Panda og OLW. Núi-Síríus framleiðir og selur sælgæti á Íslandi. Núi-Síríus noti aðallega súkkulaði, lakkrís, gúmmí og heslihnetur sem hráefni í vörur sínar, svo sem Nóa kropp, Nóatrítla, Nóa nammi, o.s.frv. Þar að auki flytji Núi-Síríus inn og selji



sætindi, nasl og morgunkorn til smásala. Í flokki innflutnings og heilidsölu séu vörumerki á borð við Pringles, Kellogg's og Valor.

Samrunaaðilar líta svo á að nákvæm markaðsskilgreining, þ.e. frekari sundurliðun þeirra markaða sem að framan greinir, sé óþörf þar sem hin fyrirhuguðu viðskipti veki ekki upp álitæfni frá sjónarhóli samkeppnisréttar, jafnvel þótt miðað væri við þrengstu mögulegu markaðsskilgreiningu.

Að mati Samkeppniseftirlitsins hefur samruni málsins aðallega áhrif á annars vegar markað fyrir sælgæti og hins vegar markað fyrir snakk. Báðir samrunaaðilar flytja jafnramt inn og dreifa morgunkorni (granóla og músli) en skörun samrunaaðila í þeim vöruflokkum er afar takmörkuð. Auk þess selja bæði Núi Sírius og Kjarnavörur ehf., sem eru undir yfirráðum Orkla, súkkulaði í iðnaðarpakkningum sem aðföng í framleiðslu bakaríá. Að mati Samkeppniseftirlitsins er þessi skörun takmörkuð og önnur fyrirtæki sem bjóða upp á þessar vörur munu áfram starfa á markaðnum.

Samkeppniseftirlitið hefur í fyrri málum ekki skilgreint markaðinn fyrir framleiðslu og heilidsölu á sælgæti. Í framkvæmd hefur framkvæmdastjórn ESB skilgreint markað fyrir heilidsölu á sælgæti og undirmarkaði hans. Þannig hefur framkvæmdstjórnin til að mynda skilgreint undirmarkaði fyrir súkkulaði eftir því hvort um súkkulaðistykki, súkkulaði plötur eða konfekt (e. *Countlines, chocolate tablets and pralines*) sé að ræða.<sup>1</sup> Þá hefur framkvæmdastjórnin jafnramt skilgreint sérstakan markað fyrir sælgæti unnið úr sykri (e. *Sugar confectionery*), s.s. hlaup, lakkrís og brjóstsýkur.<sup>2</sup>

Að mati Samkeppniseftirlitsins er framleiðsla, innflutningur og heilidsala á sælgæti annar af mörkuðum málsins. Í ljósi þess að það hefur ekki áhrif á niðurstöðu málsins telur eftirlitið ekki forsendur til þess að skilgreina markaðinn með ítarlegri hætti.

Samkeppniseftirlitið hefur í fyrri málum ekki skilgreint markaðinn fyrir framleiðslu og heilidsölu á snakki. Í framkvæmd hefur framkvæmdastjórn ESB skilgreint markaðinn fyrir snakk sem aðskilinn frá sætum vörum, s.s. sælgæti, kexi og kökum. Hefur markaðurinn verið skilgreindur sem ósætt (salt) snakk (e. *Savoury snacks*).<sup>3</sup> Markaðurinn hefur verið skilgreindur með sambærilegum hætti í Bretlandi.<sup>4</sup>

Að mati Samkeppniseftirlitsins er framleiðsla, innflutningur og heilidsala á snakki annar af mörkuðum málsins. Í ljósi þess að það hefur ekki áhrif á niðurstöðu málsins telur eftirlitið ekki forsendur til þess að skilgreina markaðinn með ítarlegri hætti.

Að mati Samkeppniseftirlitsins er landfræðilegur markaður málsins Ísland, enda selja báðir samrunaaðilar vörur sínar til innlendra heild- og smásala. Er þetta í samræmi við afstöðu samrunaaðila í samrunaskrá.

---

<sup>1</sup> Sjá t.a.m. ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB frá 12. september 2014 í máli nr. M.7340 *Ferrero International / Oltan Group*.

<sup>2</sup> Sjá t.a.m. ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB frá 6. janúar 2010 í máli nr. M.5644 - *Kraft Foods / Cadbury*.

<sup>3</sup> Sjá t.d. ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB frá 26. október 2009 í máli nr. M.5633, *PepsiCo / The PepsiCo Bottling Group*.

<sup>4</sup> Ákvörðun OFT 27. júlí 2011 í máli nr. ME/5042/11, *Anticipated acquisition by Diamond Foods Inc of the Pringles business of the Procter & Gamble Company*.



### 3. Áhrif samrunans

Í samrunaskrá fjalla samrunaaðilar um áhrif samrunans á samkeppni á mörkuðum málsins. Þar vísa samrunaaðilar til markaðsrannsóknar sem framkvæmd var af hálfu AC Nielsen fyrir Nóa-Síríus. Samkvæmt markaðsrannsókn AC Nielsen og áætlunum þeirra á sælgætismarkaði á Íslandi sé það mat samrunaaðila að samanlögð markaðshlutdeild verði á bilinu [20-30]%, þar af telji samrunaaðilar að Nói-Síríus sé með [20-25]% markaðshlutdeild á heildar sælgætismarkaði og Orkla með [0-5]% markaðshlutdeild. Aðrir samkeppnisaðilar séu t.a.m. Freyja hf., Góa hf., Kólus hf., Hagar hf., Sláturfélag Suðurlands svf., Danól ehf., Innnes ehf., ÍSAM ehf., Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf., Ásbjörn Ólafsson ehf. og Ó. Johnson & Kaaber ehf. Þar að auki hafi smásalar í auknum mæli hafið sölu á einkavörumerkjum, t.a.m. Bónus.

Að mati Samkeppniseftirlitsins gefur framangreind athugun samrunaaðila á stöðu keppnauta á sælgætismarkaði ágæta mynd af stöðu samkeppni á honum. Af tölunum er ljóst að Nói Síríus eða sameinað félag mun ekki teljast í markaðsráðandi stöðu. Þá liggur fyrir að hlutdeild Orkla á markaðnum er hverfandi en sala félagsins í sælgæti og snarlvörum árið 2018 á Íslandi var aðeins um [...].<sup>5</sup>

Samkvæmt samrunaskrá framleiðir Nói Síríus ekki snakk en er virkt á markaði í gegnum dreifingarsamning við Pringles. Orkla selji vörumerkið OLW til íslenskra smásala, með áætlaða markaðshlutdeild um [5-10]% á markaði á meðan Nói-Síríus sé með áætlaða markaðshlutdeild um [5-10]% af markaðinum. Samanlögð hlutdeild samrunaaðila á snakk markaði sé því áætluð á bilinu [10-15]% samkvæmt markaðsrannsókn AC Nielsen. Doritos sé vinsælasta snarlvaran á Íslandi og muni samrunaaðilar enn standa frammi fyrir gífurlega mikilli samkeppni í kjölfar samrunans frá vörumerkjum eins og Lays, Bugles, Pop Secret, Stjörnusnakki, Maarud og Pik-Nik auk þess sem smásölur hafi í auknum mæli hafið beina samkeppni við fyrirtæki á framleiðslu- og heildsölustigi með sölu á einkavörumerkjum (e. *Private labels*) í búðum sínum.

Að mati Samkeppniseftirlitsins gefur framangreind athugun samrunaaðila á stöðu keppnauta á snakk markaði ágæta mynd af stöðu samkeppni á honum og sýnir að ekki er tilefni til íhlutunar vegna stöðu samrunaaðila á honum.

Hér að framan var fjallað um önnur innlend fyrirtæki sem verða í eigu samrunaaðila í kjölfar samrunans. Ljóst er að einhver lóðrétt skörun verður á milli Nóa Síríus og fyrirtækjanna sem kaupa einhver aðföng af fyrirtækinu, sem eru m.a. Ísbúð Vesturbæjar og Gæðabakstur og Kristjánsbakarí. Samkeppniseftirlitið aflaði upplýsinga frá samrunaaðilum um umfang þessarar skörunar og eftir skoðun þeirra gagna er það mat eftirlitsins að ekki sé tilefni til þess að ætla að sameinað fyrirtæki muni hafa getu eða hvata til þess að útiloka keppnauta sína að því er þessa lóðréttu skörun varðar.

---

<sup>5</sup> Fellt út vegna trúnaðar.



### III.

#### Niðurstaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist eða hvort samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppnauta, viðskiptavina og neytenda.

Í þessu máli er um að ræða samruna fyrirtækja sem starfa að nokkru leyti til á sömu eða tengdum mörkuðum. Þeir markaðir þar sem lárétt skörun mun verða á milli samrunaaðila eru annars vegar markaðurinn fyrir framleiðslu, innflutning og heildsölu á sælgæti og hins vegar markaðurinn fyrir framleiðslu, innflutning og heildsölu á snakki. Að mati Samkeppniseftirlitisins gefur rannsókn málsins ekki til kynna að markaðsráðandi staða muni myndast eða styrkjast vegna samrunans. Þá eru ekki vísbendingar um að samkeppni muni raskast að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Af þeim sökum er það niðurstaða eftirlitsins að ekki sé ástæða til þess að aðhafast vegna þessa samruna.

### IV.

#### Ákvörðunarorð

***„Kaup Orkla ASA á 20% eignarhlut í Nóa Síríusi og tengdir gerningar fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“***

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson